

## GJALDSKRÁ

### Skagabyggðar fyrir skipulags- og byggingarmál

#### I. KAFLI

##### 1.gr.

##### *Almenn heimild.*

Vegna bygginga í Skagabyggð greiðast gjöld vegna skipulags- og framkvæmdaleyfa samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og byggingarleyfisgjald og afgreiðslu- og þjónustugjöld samkv. lögum um mannvirki nr. 160/2010.

##### 2.gr.

##### *Ráðstöfun gjalda.*

Tekjum sveitarfélagsins vegna framkvæmdaleyfa og byggingarleyfa og af afgreiðslu- og þjónustugjöldum skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

#### II. KAFLI

### **Byggingarleyfisgjald.**

##### 3.gr.

##### *Flokkun bygginga og gjaldskrá.*

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 fermetrar eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða. Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðablöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Byggingarleyfisgjald skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðalóðum	320 kr/m <sup>2</sup>
Iðnaðarhúsnæði	288 kr./m <sup>2</sup>
Frístundahús	640 kr./m <sup>2</sup>
Útihús á lögbylum	150 kr./m <sup>2</sup>
Stöðuleyfi, gámar, hús,	640 kr./m <sup>2</sup>

Stöðuleyfi er veitt til eins árs í senn.

4.gr.

*Meginreglur*

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 9.000 kr. án virðisaukaskatts eða gjald samkvæmt reikningi.

5.gr.

*Gildistaka*

Gjaldskráin er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skagabyggðar 26. apríl 2018 með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Skagabyggð 26. apríl 2018.

Vignir Sveinsson oddviti

---